



Auglýsing um Opið hús vorið 2018

Opið hús verður eins og áður alltaf á þriðjudögum:

Þingeyjarskóli	16.jan.	6.febr.	27.febr.	20.mar.	24.apríl
Seigla	23.jan.	13.febr.	6.mar.	10.apr.	8.maí
Stórutjarnaskóli	30.jan.	20.febr.	13.mar.	17.apr.	15.maí

Í Reykjadal verður Opið hús áfram í Seiglu. Þægilegast er að keyra upp að skóla að austan og ganga þar inn.

Hádegismatur er í boði á öllum stöðum kl. 13:00 og kostar 750 kr.

Það er nauðsynlegt að láta vita fyrir hádegi daginn áður ef fólk vill fá hádegismat.

Þingeyjarskóli	sími 464-3583
Seigla	sími 464-3166
Stórutjarnaskóli	sími 464-3222

Boccia hefst kl. 12:00 í Stórutjarnaskóla þegar Opið hús er þar. Dagskrá hefst alls staðar kl. 13:45.

Það verður ýmislegt til skemmtunar s.s. söngur, hljóðfæraleikur, myndasýningar og upplestur. Eins og áður verður spiluð félagsvist í Stórutjarnaskóla. Það er líka hægt að hittast og spjalla saman eða hafa meðferðis handavinnu. Ef einhverjir vilja koma með og flytja efni til skemmtunar og fróðleiks þá er það að sjálfsögðu vel þegið.

Opið hús er á vegum Þingeyjarsveitar og fólk þarf ekki að vera í Félagi eldri borgara til þess að taka þátt.
Allir eru hjartanlega velkomnir.

Umsjónarfólk :

Anita Þórarinsdóttir	sími 464-3286 og 894-3286
Ólína Arnkelsdóttir	sími 464-3608 og 865-8882
Halla L. Loftsdóttir	sími 464-3562 og 867-6747

Sprettur

Áburður

Óskar viðskiptavinum sínum
gleðilegs árs og friðar
og þakkar viðskiptin á liðnu ári.



Leit að húsnæði

Auglýsum eftir leiguhúsnæði
í Þingeyjarsveit .

Hans og Tanja

Upplýsingar í síma 464 3280 eða 464 1864



Forstöðumaður sundlaugarinnar á Laugum

Þingeyjarsveit auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns við sundlauginu á Laugum. Helstu verkefni eru umsjón með starfsemi og rekstri sundlaugarinnar, starfsmannahald, skipulag vakta o.fl. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Staðlað sundpróf og skyndihjálpar
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfsemi sundlauga
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025
Umsóknarfrestur er til 25. janúar n.k. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist skriflega til sveitarstjóra, Kjarna, 650 Laugar, netfang dagbjort@thingeyjarsveit.is



ÞORRABLÓT LJÓSVETNINGA

verður laugardaginn 10. febrúar.

Nánar auglýst síðar.

Nefndin

Leikfimi fyrir 60+

Létt leikfimi sem hentar öllum. Mikið af teygjuæfingum.
Æfingarnar hefjast 19. janúar og standa í 8 vikur.
Þær eru á Föstudögum frá kl:13:00 til 14:00
Æfingagjald 6500kr.

Leikfimi fyrir almenning

Hefst Miðvikudaginn 24 janúar og stendur í 8 vikur.
Tímar frá kl. 17:00 til 18:00 . Æfingagjald 6500 kr.

Leiðbeinandi er Olga Siminyakina
Íþróttakennari Stórutjörnum
og leikfimikennari eldri borgara á Akureyri
Sími 8469990 eftir kl. 16.

Tímarnir eru haldnir í Íþróttasal Stórutjarnaskóla

2. tbl.
10. janúar
2018
25. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Þorralblót í Bárðardal 2018

Ljóðagyðjan loftið klýfur
lyftir huga sérhvers manns.
Andinn yfir vötnum svífur
oft á kostnað náungans.

Höf. Hákon Aðalsteinsson

Hið árlega þorralblót verður haldið laugardagskvöldið 20.
janúar og hefst borðhald stundvíslega kl. 20:30. Húsið
opnar kl 19:45. Hljómsveit Stulla leikur fyrir dansi.

Miðapantanir þurfa að berast fyrir kl. 16
miðvikudaginn 17. janúar.

Í netfang gudrunhlini@gmail.com eða til
Beggu í síma 4643297 eða 8469674,
miðaverð er 2500 kr.

Við viljum hvetja sem flesta til að leggja
inn á reikning ungmennafélagsins 1110-
26-580 kt; 600799-2589 fyrir kl.16
fimmtudaginn 18. janúar, muna að senda kvittun á
gudrunhlini@gmail.com enginn posi á staðnum.



Glös, diskar og servéttur á
staðnum, engin hnífapör.